

Mál nr. 8/2026

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi. Varúðarregla.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 8. janúar 2026.
2. Bréf V dags. 27. janúar 2026 ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar & Öryggis ók M bifreiðinni A suður Koparhelli um kvöldmatarleytið hinn 30. nóvember 2025 þegar hann dottaði við aksturinn. Rankaði hann við sér rétt áður en A var ekið utan í stein, en náði ekki að varna áakstri á steininn með þeim afleiðingum að tjón varð á A. M sendi V frekari lýsingu á atvikum í tölvupósti, dags. 2. desember 2025. Kom m.a. fram þar að M hefði verið illa sofinn nóttina áður og hafi verið frekar þreyttur, en þó ekki svo að hann héldi að hann kæmi til með að sofna við aksturinn.

Með bréfi, dags. 9. desember 2025, tilkynnti V M að bótaréttur úr kaskótryggingu A yrði skertur um fjórðung á grundvelli þess að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Því til stuðnings vísaði V m.a. til 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 svo og 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Í málskoti mótmælir M þeirri afstöðu. Hann hafi sofið í tíu tíma nóttina áður og hafi ekki áttað sig á merkingu þess að vera „illa sofinn“, enda segist hann vera illa sofinn ef hann vakni þreyttur þrátt fyrir tíu tíma svefn. Þá hafi þreyta hans ekki verið á því stigi að hann hafi talið líkur á að hann sofnaði. Þetta hafi bara verið slys og hann hafi fremur „dottið út“ en „dottað“.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í 26. gr. laga um váttryggingarsamninga komi fram að félagið geti orðið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta sé varúðarreglum ekki fylgt. Ekki sé gerð krafa um stórkostlegt gáleysi svo slík skerðing komi til álita. Í 6. gr. skilmála kaskótryggingar A sé að finna slíkar varúðarreglur en þar komi m.a. fram að ökumaður skuli vera í andlegu og líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutækinu örugglega. Sé afstaða V sú að M hafi ekki verið í andlegu eða líkamlegu ástandi til aksturs enda hafi hann ekki einasta verið þreyttur heldur hafi hann dottað. Er jafnframt vísað til 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga en þar komi fram að hafi váttryggður í öðrum váttryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verði stórkostlegt gáleysi, valdið váttryggingaratburði losni félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Ökumenn sofnu almennt ekki án fyrirvara. Sú ákvörðun M að hefja akstur og hætta honum ekki þrátt fyrir að vera meðvitaður um skerta aksturshæfni vegna þreytu og svefnleysis verði metin honum til stórfellds gáleysis.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga skal ökumaður vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því sem hann fer með. Sambærilegt ákvæði er að finna í varúðarreglu í skilmálum kaskótryggingar A, þ.e. að ökumaður skuli vera í andlegu og líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutæki örugglega. Í 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga kemur fram að enginn má stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann er svo á sig kominn, m.a. vegna svefnleysis, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega.

Í 26. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að váttryggingafélag geti gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við váttryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að váttryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Í 2. mgr. 27. gr. sömu laga kemur m.a. fram að hafi váttryggður í öðrum váttryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið váttryggingaratburði losni félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta.

Þegar váttryggingafélag ber því við að heimild til takmörkunar á ábyrgð þess sé fyrir hendi ber það sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar heimildar séu uppfyllt. V ber því sönnunarbyrði um að M hafi verið svo á sig kominn að hann hafi ekki verið fær um að stjórna A örugglega og að í háttsemi hans hafi falist stórkostlegt gáleysi, eða í öllu falli ekki óveruleg sök.

Lögregla var ekki kölluð á slysstað og fór því engin rannsókn fram á slysinu. Í símaframburði M sem lýst er í fyrirbyggjandi gögnum frá Aðstoð & Öryggi segir þá ekkert um ástand hans í aðdraganda slyssins. Lýsingu M á þreytu umrætt sinn er að finna í tölvupósti hans til V dags. 2. desember 2025. Aðspurður um ástæðu þess að hann hafi sofnað undir stýri svarar hann því til að hann hafi verið „illa sofinn nóttina áður og var alveg frekar þreyttur, samt ekki svo að ég hélt að ég gæti sofnað.“ Í síðara bréfi M til V, dags. 9. desember 2025, segist M þó hafa sofið í tíu tíma. Engar vísbendingar hafi verið um að hann væri að sofna og hafi hann bara dottað einu sinni.

Verður af framangreindu að telja vafa á því hvort ástand M hafi verið með þeim hætti að hann hafi verið, eða mátt vita að hann gæti verið, ófær um akstur í greint sinn, og hafi því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða í öllu falli ekki óverulega sök. Hallann af þeim sönnunarskorti ber V.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 9. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildgunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir